

31. Stjórnarfundur FENÚR

haldinn 23. maí 2001 kl. 08:30 á skrifstofu SORPU í Gufunesi.

Mættir: Gunnar Bragason, Pétur Bjarnason, Björn Halldórsson, Ásmundur Reykdal og í síma Jóhannes Pálsson.

Fundargerðir 28. 29. og 30. fundar lagðar fram og samþykktar.

Merkingar.

BH, lagði fram reikning, frá “Góðu Fólki” fyrir hönnunarvinnu merkingarkerfis vegna flokkunar úrgangs að upphæð kr. 603.845.00, reikningurinn hefur verið greiddur.

B.H. semur kynningar bréf til félagsmanna um merkingarkerfið.

I.A. og Guðmundur Tryggvi taka að sér að leita eftir fjármögnun verkefnisins og ljúka málinu í samræmi við tillögu, sem lögð var fram á síðasta stjórnarfundum.

Samstarf við Hollustuvernd.

Ekkert hefur heyrst frá Hollustuverndar mönnum varðandi fyrirhugaðan fund aðila sem þeir ætluðu að standa fyrir, GB og PB halda málinu áfram.

LCA málið

BH, greindi frá því að Helga Jóhanna, hjá Línuhönnun, mun verða í fæðingarorlofi næstu mánuði, en í stað hennar kemur Guðmundur Friðriksson, starfsmaður Línuhönnunar að verkefninu. Málið er í góðum gangi og stefnt að gerð handbókar um aðferðafræðina auk þess að taka fyrir 2-3 sérstök verkefni til úrlausnar.

Starfshópar.

Ekkert hefur heyrst frá starfshópunum eftir aðalfund. Ákveðið að boða hópstjóra á stjórnarfundum, m.a. til undirbúnings fyrir haustfund FENÚR. Stefnt er að því að sá fundur verði haldinn á Akureyri. “Lífræni” hópurinn kemur með tillögu um dagskrá.

ISWA ráðstefna.

GB leggur til að kannaður verði áhugi félagsmanna um þátttöku í ráðstefnu ISWA, sem haldinn verður í Stavanger í Noregi 3.-5. september nk. BH sendi út kynningarbréf varðandi fundinn. PB, kanni verð á leiguflugi til Noregs. Málið verður tekið fyrir á næsta stjórnarfundum og ákvarðað um framhald. BH lagði fram tillögu frá DNRs um mál, sem verða til umræðu á Stavanger fundinum.

Önnur mál.

Rætt um heimasíðu. Kannað verði með að breyta netfangi úr “**fenur.com**”, í “**fenur.is**” fá Höllu til að kanna málið.

Reikningu frá SORPU vegna þjónustusamnings lagður fram, og samþykktur.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn 30. maí kl. 08:00 hjá Endurvinnslunni hf.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:30.

Á.R.

